

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun


Sendandi: Hólmfríður Bjarnadóttir, Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

Dagsetning: 21. apríl 2021

Efni: **Áform Veitna um lækku yfirborðs Myllulækjartjarnar**

Veitur óska eftir að upplýsa um áform um að lækka yfirborð Myllulækjartjarnar um ~0,7 m til þess að tryggja vatnsgæði í holu V-14 á vatnsverndarsvæðinu við Myllulækjartjörn í Heiðmörk.

Tjörnin liggur innan vatnsverndarsvæðis (brunnsvæðis) og er hluti af rekstri Vatnsveitu Reykjavíkur. Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar eru á náttúruminjaskrá.



Mynd 1. Skjásnot úr Luksjá Veitna þar sem sjá má staðsetningu vinnslu-, rannsóknar- og eftirlitsholna og neysluvatnslagna (bláar línur). Búið er að merkja inn á kortið staðsetningu stíflugarðsins og rennilokanna.

Ástæða þess að Veitur óska eftir að grípa til þessara aðgerða er að rannsóknir Veitna og OR á vatnsgæðum einstakra vinnsluhola vatnsveitunnar sýna fram á að hola V-14 á svæðinu við Myllulækjartjörn virðist vera sérstaklega útsett fyrir mengun af völdum yfirborðsvatns. Hola V-14 er með töluvert hærri örveruinnihald en aðrar holur á svæðinu, vatnsborð í tjörninni liggur hærri en í vinnsluholunum þegar þær eru í gangi og misgengi liggur í gegnum nærumhverfi holunnar að tjörninni. Þetta gefur til kynna að streymi vatns gæti verið úr tjörninni (yfirborðsvatn) og inn að holunni. Yfirborðsvatn inniheldur jafnan meira af örverum og gæti þetta því átt þátt í að minnka vatnsgæði í holunni.

Vatnsyfirborð Myllulækjartjarnar hefur verið hækkað af manna völdum í gegnum tíðina og það mest með nústandandi stíflugarði við norðvestari hluta tjarnarinnar. Það var vatnsveitan sem lagði hann til þess að hækka vatnsborð á svæðinu almennt. Við þessa aðgerð færi Myllulækjartjörn nær sínu upprunalega horfi, en umfang tjarnarinnar var mun minnka. Lækir frá tjörninni yrðu eftir sem áður á sínum stað.

Þessi aðgerð er ekki talin hafa umtalsverð áhrif á umhverfi og lífríki svæðisins þar sem yfirborð tjarnarinnar hefur áður verið í þessari stöðu og því er ekki verið að fara út fyrir þekkta vatnshæð. Hins vegar gæti aðgerðin haft mjög jákvæð áhrif á vatnsgæði í vinnsluholum sem standa við tjörnina. Upprunalegu

Framkvæmdin felur í sér að opnað verður fyrir botnlokur í stíflugarðinum. Þetta væri gert rólega til að tryggja að lækirnir sem renna frá tjörninni myndu ekki gruggast upp og valda rofi á bökkum sínum og til þess að passa upp á lífríki í þeim.

Veitur áforma að hefja aðgerðir á vormánuðum.

Athugasemdir við ofangreind áform óskast sendar á holmfridur.bjarnadottir@veitur.is.

Hólmfríður Bjarnadóttir